

Samningur um rekstur dagheimilis að Vífilsstöðum

Hnoðraholt

Garðabær, kt. 570169-6109, hér eftir nefndur verkkaupi og Hjallastefna ehf., kt 540599-2039, hér eftir nefndu rekstrararaðili gera með sér eftirfarandi samning um rekstur dagheimilis að Hnoðraholti. Samningur þessi tekur viðmið af reglum Garðabæjar sem heita Reglur vegna dvalar barna úr Garðabæ hjá dagforeldrum dags, 17. desember 2015.

Garðabær veitir dagvistarleyfi fyrir 40 börn frá 20 ágúst 2016 til 19. ágúst 2017. Að þeim tíma liðnum skulu aðilar samnings leggja mat á verkefnið. Börn með lögheimili í Garðabæ njóta forgangs að samningi þessum. Rekstrarleyfi er ekki háð því hver mörg pláss Garðabær nýtir.

1. Markmið samnings.

Í verkefninu felst full og óskipt ábyrgð á framkvæmd dagheimilis fyrir börn frá 9 mánaða aldri skv. reglugerð um daggæslu nr. 907/2005.

Markmið verkefnis er að gefa börnum kosta á að njóta umönnunar- og upveldis starfsfólks sem hefur þekkingu og reynslu í uppeldi ungra barna og búa þeim uppeldisskilyrði sem eflir þroska þeirra.

2. Framlag Garðabæjar

Fyrir börn frá 9 mánaða mun Garðabær greiða skv. reglum vegna dvalar barna úr Garðabæ hjá dagforeldrum. Rekstraraðila er ekki heimilt að innheimta hærra gjald af foreldrum en það sem Garðabær setur fram í áður nefndum reglum.

3. Stofnkostnaður.

Garðabær greiði aðstöðugreiðslur til rekstaraðila og innifalið í greiðslu er leiga húsnæðis og allur búnaður til rekstursins. Allur kostnaður miðast við pr. barn.

Greiðsla fyrir leigu og búnað nemur kr. 20.667. á barn á mánuði og miðað er við grunnvísitölu neysluverðs í ágúst 2016, 436,4 stig.

Reglur um greiðslur vegna aðstöðu barna hjá dagforeldrum dags 6. mars 2007 falla niður og eiga ekki við um samning þennan.

Rekstraraðili skal leggja til rekstursins allan nauðsynlegan búnað til dagheimilisins. Hér er átt við allan nauðsynlegan búnað til starfsins svo sem borð, stóla, önnur húsgögn, leikföng og annan lausan búnað. Rekstraraðili skal halda sínum búnaði við og fylgjast með að hann sé ávallt fullnægjandi fyrir starfsemina og endurnýja hann eins og þarf. Allur búnaður er eign rekstraraðila.

4. Starfsfólk

Rekstaraðili skal hafa nægilegan fjölda starfsfólks samkvæmt áður nefndri reglugerð. Almennt skulu starfsmenn hafa til að bera nægilega hæfni, menntun og reynslu til að sinna þeim faglegu og almennu störfum sem vinna þarf á dagheimilinu á hverjum tíma. Þeir skulu vera bundnir þagnarskyldu um málefni barna og foreldra.

5. Innritun og dvalasamningar.

Rekstaraaðili og verkkaupi gera með sér samkomulag um innritun barna á dagheimilið sem innifelur ráðstöfun plássu og gerð dvalasamninga. Innritun barna er á vegum rekstraraðila í samvinnu við skólaskrifstofu Garðabæjar.

6. Tryggingar

Rekstaraaðili skal kaupa allar lögbundnar og einnig aðrar viðeigandi tryggingar s.s. ábyrgðarrekstrar- og slysatryggingar og einnig eignatryggingar vegna eigna og búnaðar rekstraraðila.

7. Eftirlit

Framkvæmd samningsins lýtur faglegs eftirlits verkefnastjóra skóladeildar fyrir hönd fræðslu- og menningarsviðs Garðabæjar. Hjallastefnan skal skila umbeðnum gögnum er varða starfsemi dagheimilinu og tengjast reglubundnu eftirliti með starfsemi þess.

8. Bókhald og endurskoðun reikninga.

Rekstaraðili skal hafa rekstrar- og bókhaldslegar upplýsingar aðgengilegar fyrir verkkaupa og verkkaupi hefur rétt til að skoða þegar hann óskar.